

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/92****2023/EES/8/56****frá 21. janúar 2022**

um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 að því er varðar aðferðir fyrir vöktunargögn og snið fyrir skýrslugjöf um úrgang sem er fangaður af tilviljun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 7. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 7. mgr. 8. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883 skulu aðildarríkin tryggja að vöktunargögnum um umfang og magn úrgangs, sem er fangaður af tilviljun, sé safnað saman og framkvæmdastjórninni tilkynnt um þau.
- 2) Handbók Hagstofu Evrópusambandsins um hagskýrslur um úrgang ⁽²⁾ ætti að vera undirstaðan fyrir samræmdar og skilvirkar hágæða hagskýrslur um úrgang í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2150/2002 ⁽³⁾ og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁴⁾ til að auðvelda samanburð á gögnum milli aðildarríkja.
- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ⁽⁵⁾ er kveðið á um rafræna skýrslugjöf um fyrirframtilkynningar um úrgang, sem tekur til upplýsinga um úrgang sem er fangaður af tilviljun, og gerð er krafa um sérstaka aðferð til að safna upplýsingum um úrgang, sem er fangaður af tilviljun, frá fiskiskipum sem falla undir tilskipun (ESB) 2019/883 en eru undanþegin gildissviði tilskipunar 2002/59/EB.
- 4) Ekki er alltaf mögulegt eða kostnaðarhagkvæmt að mæla bæði massa og magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun. Því ætti að heimila aðildarríkjunum að áætla massann sem fall af magninu eða magnið sem fall af massanum með því að nota áætlun um eðlismassa úrgangs, sem er fangaður af tilviljun, sem hentar aðstæðum þeirra.
- 5) Til að tryggja einsleitni, gæði og sambærileika gagna sem er safnað í þeim tilgangi að vakta umfang og magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun í öllum aðildarríkjunum ættu framkvæmdargerðir, sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/883, að vera á formi framkvæmdarreglugerða.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 15, 24.1.2022, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 340/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116.

(2) „Manual on waste statistics – A handbook for data collection on waste generation and treatment“ [2013 útg.], Eurostat Methodologies and Working papers, doi:10.2785/4198.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang (Stjttíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjttíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjttíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aðferð aðildarríkjanna við söfnun gagna um magn og massa úrgangs sem er fangaður af tilviljun skal vera í samræmi við handbók Hagstofu Evrópusambandsins um hagskýrslur um úrgang.
2. Að því er varðar fiskiskip sem falla undir gildissvið tilskipunar 2002/59/EB skal söfnun gagna um úrgang sem er fangaður af tilviljun byggjast á upplýsingum sem veittar eru í fyrirframtilkynningu um úrgang í samræmi við 6. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.
3. Að því er varðar fiskiskip sem falla utan gildissviðs tilskipunar 2002/59/EB skal söfnun gagna um úrgang sem er fangaður af tilviljun byggjast á einni af eftirfarandi aðferðum sem lýst er í handbók Hagstofu Evrópusambandsins um hagskýrslur um úrgang:
 - a) könnunum,
 - b) stjórnsýsluheimildum eða öðrum heimildum,
 - c) tölfræðilegum matsaðferðum,
 - d) samlandi af aðferðunum sem um getur í a-, b- og c-lið.

2. gr.

1. Úrgangur sem er fangaður af tilviljun skal tilkynntur í samræmi við efnisþættina sem settir eru fram í töflu 1 í viðaukanum.
2. Úrgangur sem er fangaður af tilviljun getur m.a. verið veiðarfæri sem hafa verið skilin eftir, týnst eða verið fleygt á annan hátt, sem má tilkynna um aðskilið frá öðru rusli í sjó.
3. Skyldubundnir og valkvæðir þættir vegna skýrslugjafar um úrgang sem er fangaður af tilviljun eru settir fram í töflu 2 í viðaukanum.
4. Skýrslusnið fyrir úrgang sem er fangaður af tilviljun og aðferð við samsöfnun eru sett fram í töflu 3 í viðaukanum.

3. gr.

1. Magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun skal tilkynnt sem magn og massi.
2. Eftir því sem við á skal umreikna magn (V) yfir í massa (m) með eftirfarandi formúlu:

$$m = \rho V$$

Þar sem ρ er áætlaður eðlismassi efniviðarins (kgm^{-3}), m er massi (kg) og V er magnið (m^3).

4. gr.

Frá og með 1. janúar 2022 skulu aðildarríkin gefa skýrslu um gögnin og upplýsingarnar fyrir árlegu tímabilin frá 1. janúar til 31. desember. Senda skal skýrslurnar rafrænt innan 12 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem þeim var safnað fyrir.

Aðildarríkin skulu gefa skýrslur um gögn sem var safnað fyrir árið 2021 eigi síðar en 30. júní 2022, að svo miklu leyti sem mögulegt er í samræmi við viðaukann.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Efnisþættir úrgangs sem er fangaður af tilviljun

1. stig	Plast	Málmur	Gúmmí	Viður	Textílefni	Annar úrgangur
2. stig	<ul style="list-style-type: none"> — Net — Baujur — Fiskikassar — Kaðlar/snúrur — Flöskur — Umbúðir — Bindiborðar — Frauð — Brúsar — Olíutunnur — Trefjagler — Pokar fyrir áburð og fóður — Aðrir stórir hlutir 	<ul style="list-style-type: none"> — Olíutunnur — Vír — Máln-ingardósir — Olíusíur — Aðrir hlutir 	<ul style="list-style-type: none"> — Hanskar — Hjólbarðar og belti — Stígvél — Aðrir hlutir 	<ul style="list-style-type: none"> — Fiskkörfur (e. <i>fishing pot</i>) — Kassar — Vörubretti — Aðrir hlutir 	<ul style="list-style-type: none"> — Reipi — Fatnaður og skór — Aðrir hlutir 	<ul style="list-style-type: none"> — Gler — Sóttæmur úrgangur — Úrgangur frá hreinlætisaðstöðu — Aðrir hlutir

Tafla 2

Skyldubundnir og valkvæðir þættir í skýrslugjöf

Skyldubundinn eða valkvæður	Lýsing	Tilkynna skal samsvarandi reiti í töflu 3
Skyldubundinn	Heildarmassi og heildarmagn alls úrgangs sem er fangaður af tilviljun.	Reitir í 1. og 4. dálki í línu 1 (feitiletrað)
Valkvæður	Massi og magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun, safnað saman eftir uppruna: ALDFG (*) og annað rusl í sjó.	Allir reitir í línu 1
Valkvæður	Massi og magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun, safnað saman eftir tegund efniviðar (plast, málmur, gúmmí og annar úrgangur).	Allir reitir í 1. og 4. dálki
Valkvæður	Massi og magn úrgangs sem er fangaður af tilviljun, safnað saman eftir tegund efniviðar	Allir reitir í töflu 3

(*) Veifaræri sem hafa verið skilin eftir, týnst eða verið fleygt á annan hátt

Tafla 3

Skýrslusnið fyrir úrgang sem er fangaður af tilviljun

		1	2	3	4	5	6
		Heildarmassi (tonn)	ALDFG (*) (tonn)	Annað rusl í sjó (tonn)	Heildarmagn (m ³)	ALDFG (*) (m ³)	Annað rusl í sjó (m ³)
1	Samtals	A1+A2	A1 = B1+C1+ D1+E1	A2 = B2+C2+ D2+E2	F1+F2	F1 = G1+H1+ I1+J1	F2 = G2+H2+ I2+J2
2	Plast	B1+B2	B1	B2	G1+G2	G1	G2
3	Málmar	C1+C2	C1	C2	H1+H2	H1	H2
4	Gúmmí	D1+D2	D1	D2	I1+I2	I1	I2
5	Viður, textílefni og annar úrgangur	E1+E2	E1	E2	J1+J2	J1	J2

(*) Veifarferi sem hafa verið skilin eftir, týnst eða verið fleygt á annan hátt